

STÆKKUN HAFNARINNAR Á NORÐFIRÐI, FJARÐABYGGÐ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun hafnarinnar á Norðfirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 og deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið. Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir grjótnámu í landi Skuggahlíðar samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Einnig þarf að fá leyfi Umhverfisstofnunar til að varpa dýpkunarefnum í hafið skv. lögum nr. 33/2004.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Fjarðabyggð og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. mars 2013.

INNGANGUR

Þann 15. janúar 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Fjarðabyggð um fyrirhugaða stækkun Norðfjarðarhafnar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fjarðabyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Isavia ohf. og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Fjarðabyggð með bréfi dags. 8. febrúar 2013, Fiskistofu með bréfi dags. 25. janúar 2013, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 5. febrúar 2013, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 29. janúar 2013, Isavia ohf. með bréfi dags. 23. janúar 2013 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 28. janúar 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að framkvæmdin felist í að fjarlægja núverandi hafnargarð að mestu og í stað hans verði gerður nýr garður sem í aðalatriðum verði sunnan núverandi hafnargarðs. Með þessu móti verði útbúin ný smábátahöfn og 210 m snúningsrými fyrir skip innan hafnarinnar. Þá verði svokölluð Togarabryggja lengd til suðurs um 60 m og nýtt athafnasvæði gert á um 7000 m² landfyllingu þar sem lækur renni nú til sjávar en lækurinn þess í stað settur í stokk og leiddur suður fyrir nýjan hafnargarð.

Fram kemur að vegna breytinganna verði núverandi fyllingar vegna hafnargarðs og smábátahafnar fjarlægðar og höfnin dýpkuð þar sem smábátahöfnin sé nú og einnig þar sem nýtt smábátalægi verði og snúningsrými. Núverandi hafnargarður verði rifinn niður að mestu og grjót og kjarni hans haugsettur, þar til efnið verði nýtt við byggingu nýja hafnargarðsins. Dýpkunarefni (um 135.000 m³) verði nýtt til fyllingar undir nýjan hafnargarð og síðan verði grjót og kjarni úr gamla garðinum hlaðið ofan á fyllinguna. Til viðbótar þurfi um 22.000 m³ af grjóti, sem sótt verði í grjótnámu í landi Skuggahlíðar (náma E5 á sveitafélagsupprætti) á um tveggja mánaða tímabili og til þess þurfi um 1850 til 2750 ferðir. Áætlað sé að framkvæmdin í heild sinni taki um tvö ár.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að auka öryggi siglinga og bæta þá hafnaraðstöðu sem nú sé fyrir hendi á Norðfirði.

Áhrif á aðra landnotkun. Fram kemur að við gerð athafnasvæðis með landfyllingu þurfi að hækka landið nærri flugbraut suður af hafnarsvæðinu. Nýr hafnargarður, þar sem smábátahöfnin verði, muni verða rétt norðan við enda flugbrautarinnar. Við skipulag framkvæmda þurfi að gæta þess að engar hindranir eða ójöfnur verði nær flugbrautinni en 75 m frá miðlínu brautarinnar, skv. umsögn Flugmálastjórnar. Haft verði samráð við Isavia um hvar staðsetja megi haugsett efni og varðandi aðra þætti framkvæmdarinnar með hliðsjón af þessum öryggissjónarmiðum. Tímasetningar á einstökum þáttum framkvæmdarinnar verði í samráði við helstu rekstraraðila innan hafnarsvæðisins til að lágmarka áhrif á framkvæmdatímanum.

Áhrif á lífríki. Fram kemur að dýpkun vegna framkvæmdarinnar verði að stærstum hluta innan hafnarinnar á svæði sem þegar hafi verið raskað. Dýpkun á öröskuðu svæði verði samtals um 20.000 m² á snúningsrými, utan núverandi hafnargarðs, og í nýrri smábátahöfn. Niðurstöður mælinga á kornadreifingu vegna dýpkunarframkvæmda í höfninni árið 2001 hafi sýnt að þar sé gróf mól með lágu fínefnahlutfalli, en á fláanum utan við höfnina, þar sem fyllt verði undir fremsta hluta hafnargarðsins séu hins vegar fínefnarík setlög með háu

vatnsinnihaldi. Samkvæmt upplýsingum frá Hafrannsóknarstofnun séu litlar upplýsingar til um botndýralíf í Norðfirði.

Fram kemur að lækur renni til sjávar úr lóni sem liggja milli fjallshlíðar og flugbrautar. Í það renni nokkrir lækir, en engin fiskgengd sé í lóninu.

Fram kemur að framkvæmdin muni hvorki hafa áhrif á friðlýst svæði né svæði á náttúruminjasrá.

Áhrif á fornleifar. Fram kemur að samkvæmt upplýsingum frá minjaverði Austurlands eru engar minjar á framkvæmdasvæðinu.

Áhrif á landslag. Fram kemur að umgengni og frágangur á grjótnámu í landi Skuggahlíðar skuli vera í samræmi við kafla 5.5 í greinargerð Aðalskipulags Fjarðarbyggðar 2007 – 2027. Ekki sé talin þörf á sérstakri vöktun vegna framkvæmdarinnar annarri en felist í verkeftirliti á vegum framkvæmdaraðila

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að Sveitarstjórn Fjarðabyggðar hafi samþykkt tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, þéttbýlisuppdrætti fyrir Norðfjörð, vegna áforma um stækkun Norðfjarðarhafnar. Samhliða aðalskipulagsbreytingunni hafi verið unnin tillaga að deiliskipulagi fyrir hafnar- og iðnaðarsvæðið. Sveitarstjórnin hafi samþykkt tillögurnar til auglýsingar. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 hafi verið send Skipulagsstofnun til athugunar.

Það er niðurstaða framkvæmdaraðila að umfang fyrirhugaðrar framkvæmdar verði lítið. Allt tiltækt efni sem sé í höfninni verði nýtt og það efni sem upp á vanti verði sótt í skipulagða grjótnámu. Helstu áhrif framkvæmdarinnar verði á um 20.000 m² svæði af óröskuðum sjávarbotni, sem sé hluti af aðliggjandi botni svipaðrar gerðar og vegna truflana sem geti orðið á almennum rekstri við höfnina meðan á framkvæmdum standi. Að mati framkvæmdaraðila verði áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið ekki umtalsverð í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í í umsögnum Fjarðabyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Isavia ohf. og Umhverfisstofnunar það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum

Áhrif á lífríki. Hafrannsóknastofnunin bendir á að ekki standi til að varpa dýpkunarefnum í sjó utan hafnarinnar. Stofnunin telur að þar sem lækurinn muni renna um stökk til sjávar á nýjum stað muni áhrifa frá ferskvatni gæta og hafa áhrif á lífríki næst útfallinu.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands vekur athygli á því að vegna breytinga á skipulagi svæðisins hafi eftirlitið hvatt Fjarðabyggð til þess að huga að straumum í Norðfirði með tilliti til fráveitu og mengunar frá skólperfi svo skólperfi geti ekki borist inn í höfnina. Við það tækifæri ítrekaði Heilbrigðiseftirlit Austurlands að grein 9.2 í reglugerð um fráveitur og skólperfi geri m.a. ráð fyrir að öllu skólperfi sem veitt sé til sjávar skuli veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð, bannað sé að leiða skólperfi þannig að frárennslisop opnast til hafna og allir frestir til að koma á hreinsun skólperfi á leið til sjávar séu löngu liðnar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða framkvæmd sem felst í að útbúa nýja smábátahöfn og skapa snúningsrými fyrir skip innan hafnarinnar á Norðfirði. Núverandi hafnargarður verður fjarlægður að mestu og grjót og kjarni hans haugsettur á landfyllingu við höfnina þar til efnið verður nýtt í nýjan hafnargarð. Höfnin verður dýpkuð og dýpkunarefni notað sem fylling undir nýja

hafnargarðinn, sunnan við núverandi garð, og grjóti og kjarna úr gamla hafnargarðinum hlaðið ofan á fyllinguna. Grjót sem upp á vantar verður sótt í námu, sem skilgreind er í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Þá verður svokölluð Togarabryggja lengd og nýtt athafnasvæði gert með landfyllingu sunnan við höfnina, milli hafnar og flugvallar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði á lífríki sjávar utan við og næst núverandi hafnargarði. Fyrir liggur að dýpkun utan hafnargarðsins verður á um 20.000 m² svæði á hafsbotni. Um það bil helmingur af því flatarmáli verður í mynni hafnarinnar, þar sem skapa á snúningsrými. Líkur eru á því að það svæði hafi þegar orðið fyrir áhrifum vegna skipaumferðar um hafnarmynnið og dýpkunar til viðhalds innsiglingunni á undanförunum árum. Skipulagsstofnun telur því að helstu áhrif framkvæmdar við stækkun Norðfjarðarhafnar verði vegna dýpkunar og hleðslu hafnargarðs á óröskuðum hafsbotni þar sem ný smábátahöfn verður gerð. Fyrir liggur að á botni hafnarinnar er gróf mól með lágu fínefnahlutfalli og gera má ráð fyrir að hafsbotn í fyrirhugaðri smábátahöfn sé með sömu eiginleika. Því er ólíklegt að þar sé mikið framboð af lífrænu efni sem æti fyrir botndýr og að þar sé auðugt lífríki. Skipulagsstofnun telur því að fyrirhuguð framkvæmd við dýpkun og upphleðslu nýs hafnargarðs í Norðfjarðarhöfn sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Fjarðabyggðar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Fjarðabyggðar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun hafnarinnar á Norðfirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 og deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið. Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir grjótnámu í landi Skuggahlíðar samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Einnig þarf að fá leyfi Umhverfisstofnunar til að varpa dýpkunarefnum í hafið skv. lögum nr. 33/2004.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Fjarðabyggð og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. mars 2013.

Jakob Gunnarsson

Sigmar Arnar Steingrímsson